

## **Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands**

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands þann 26. mars, kl. 13:15 í Borgartúni 30.

Fulltrúar Þroskaþjálfafélags Íslands á fundinum voru: Anna Lilja Magnúsdóttir og Halldóra Jóhannesdóttir Sanko. Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundinum voru Halla Margrét Tryggvadóttir í síma og Sólveig B. Gunnarsdóttir, sem ritaði fundargerð.

### **1. Framhald frá síðasta fundi: Erindi frá ÞÍ vegna framkvæmdar Fljótsdalshéraðs á gr. 1.5.3 í kjarasamningi gagnvart þeim forstöðumönnum sem fluttust frá ríki til sveitarfélaga við flutning málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga.**

Fulltrúi SNS verður í sambandi við félagsmálstjóra Fljótsdalshéraðs vegna málsins og upplýsir ÞÍ um niðurstöðu þess.

### **2. Röðun þroskaþjálfara á Hornafirði**

Þroskaþjálfari á leikskóla sem hefur starfað samkvæmt sömu starfslýsingu frá upphafi starfs þann 1. júní 2012 en var til 31. desember 2013 raðað sem þroskaþjálfari 2. ÞÍ telur að röðun starfsmanns hafi átt að vera sem yfirþroskaþjálfari í launaflokk 27 frá upphafi ráðningar.

#### **Niðurstaða:**

Starfslýsing sem vinnuveitandi lagði til grundvallar við ráðningu í starfið er skýr og fellur að starfaskilgreiningu yfirþroskaþjálfara en ekki þroskaþjálfara 2. Í samræmi við það bar að launa starfið sem yfirþroskaþjálfari frá upphafi ráðningar. Ber því að leiðrétta laun starfsmannsins frá upphafi ráðningar.

Ekki verður séð að tilefni sé til að bera við tómlæti starfsmanns enda ræðst röðun starfsins af starfslýsingu sem vinnuveitandi ber ábyrgð á.

**Fundi slitið kl. 13:40**